

Rafræn ferðavenjukönnun – Notkun snjallsíma við mælingar á ferðavenjum

Haukur Þór Haraldsson, Verkís

Hefðbundnar ferðavenjukannanir eru alla jafna framkvæmdar þannig að handahófskennt úrtak er beðið um að skrá ferðir sínar í einn dag. Ferðirnar eru þá skráðar á pappír, í tölvu eða í gegnum símaviðtal. Á þessari aðferðafræði eru stórir annmarkar. Kannanirnar eru dýrar, einkum vegna þess að úrvinnslan er tímafrek. Þær eru jafnframt ónákvæmar enda byggja þær að miklu leyti á samviskusemi þeirra einstaklinga sem skrá ferðir sínar.

Markmið þessa verkefnis er að þróa aðferðir til að framkvæma rafrænar ferðavenjukannanir með notkun snjallsíma. Í samanburði við hefðbundnar aðferðir er með rafrænum skráningum auðveldara að halda utan um ferðir þátttakenda. Skráning á ferðalengd, ferðatíma, leiðavali og ferðahraða verður mun nákvæmari og úrvinnsla gagnanna verður bæði einfaldari og nákvæmari. Einnig er markmiðið með verkefninu að einfalda skráningarvinnu þátttakenda eins mikið og mögulegt er og þróa aðgengilegt notendaviðmót sem ætlað er að minnka brottfall til muna.

Afurð verkefnisins er smáforrit sem nýta má til að gera ferðavenjukannanir fyrir sveitarfélög til skipulagningar á umferðamannvirkjum og almenningssamgöngum og fyrir fyrirtæki, t.d. sem hluta af grænu bókhaldi. Aukaafurð úr verkefninu gæti verið smáforrit sem einstaklingar vilja nota til að halda utan um orkubókhald sitt.

Aðferðin hefur verið reynd í tveimur fyrirtækjakönnunum og mælingu á ferðavenjum hjólreiðamanna. Mismunandi vel hefur gengið að fá fólk til að taka þátt. Ástæður brottfalls gætu verið:

- Útbreiðsla snjallsíma er ennþá takmörkuð þó að notendum fjölgi sífellt.
- Snjallsímaeigendur geta að nokkru leyti reynt einsleitum notendahópur.
- Það gæti verið hindrun fyrir einhverja að þurfa að ná í smáforrit þó þeir eigi snjallsíma.
- Það er almennt mjög erfitt að fá fólk til að taka þátt í könnunum í dag vegna síaukins áreitis.

Í erindinu verður fjallað um snjallsímaforritið og það borið saman við hefðbundnar aðferðir við að mæla ferðavenjur. Einnig verður fjallað um þátttökuvilja og mögulegar ástæður brottfalls.